# Reykjanesbær
# STAÐA OG HORFUR RÍKISSTOFNANA

**Samantekt fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar**

Október 2017

# Verkefnið

- Úttekt á stöðu fjárveitinga ríkisins til verkefna á Suðurnesjum í samhengi við þann uppgang sem verið hefur á svæðinu.
- Óskað eftir upplýsingum frá stofnunum með starfsemi á svæðinu og háðar eru fjármögnun frá ríkinu.
- Upplýsinga einnig aflað úr frumvarpi til fjárlaga ársins 2018.
- Einnig var stuðst við úttektir sem gerðar voru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Um er ræða upplýsingar sem snúa að fjármögnun og getu til að framkvæma nauðsynleg verkefni á Suðurnesjum.
- Upplýsingarnar greindar og settar fram á aðgengilegan og samræmdan hátt.
- Byrjum á því að skoða nokkra þætti sem undirstrika þörfina á aukið fjármagn í verkefni hér á svæðinu.

# Áskorun Reykjanesbæjar

- Sveitarfélagið hefur náð miklum árangri í að ná utan um rekstur sinn.
- Aukinn fjöldi íbúa og minna atvinnuleysi skilar meiri tekjum til sveitarfélagsins.
- Þörf er á framkvæmdum vegna fjölgunar íbúa, miklum umsvifum Keflavíkurflugavallar og aukningu á umferð inn á svæðið.
- Ríkið verður að tryggja að fjármagn í þau verkefni sem það ber ábyrgð á og fylgi eftir þeim uppgangi sem verið hefur á svæðinu því annars stefnir í óefni.

# ÍBÚAÞRÓUN

# Mikil fjölgun íbúa í Reykjanesbæ



# Reykjanesbær og Suðurnes



# Fjöldi erlendra ríkisborgara hefur tvöfaldast



# Mikil fjölgun íbúa á Ásbrú



# Mest hlutfallsleg íbúafjölgun á Suðurnesjum



# ATVINNUÁSTAND

# Atvinnuleysi hefur minnkað mikið



# Fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli



# Umferð hefur aukist um Reykjanesbraut



# MENNTAMÁL

# Fjölgun í grunnskólum



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

- Nemendum hefur fækkað í Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá árinu 2013 þrátt fyrir fjölgun íbúa á svæðinu.
- Takmarkanir á aðgengi 25 ára og eldri að framhaldsskólanámi hafa haft áhrif. Mikilvægt að 25 ára eldri hafi aðgang að námi til þess að mögulegt sé að hækka menntunarstig. Stytting náms til stúdentsprófs hefur einnig áhrif.
- Nemendum hefur fjölgað í grunnskólum Reykjanesbæjar og má því gera ráð fyrir að nemendum muni fjölga í Fjölbrautaskólanum á næstu árum.
- Fjárframlög á hvern hvern nemanda eru lægri en hjá sambærilegum skólum. Nauðsynlegt er að skýra hvers vegna svo er.

# Nemendaígildum fer fækkandi



# Samanburður við sambærilega skóla



# Sambærilegir framhaldsskólar



# Óútskýrður munur á framlögum




- Lægra hlutfall bóknáms þýðir hærri framlög.
  - *Fjölbrautaskóli Suðurnesja er með lægra hlutfall, 84,7% á móti 88,9%.*
- Færri nemendur þýða hærri framlög.
  - *Fjölbrautaskóli Suðurlands er með færri nemendur, 767 á móti 832.*
- Óljóst er hvað skýrir hærra framlag til Fjölbrautaskóla Suðurlands.

# Keilir: Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs




- Haustið 2017 voru 640 nemendur skráðir til náms hjá Keili.
- Námsframboð Keilis skiptist á fjögur svið með 15 námsleiðum:
  - *Háskólabrú.*
  - *Íþróttakademía.*
  - *Flugakademía.*
  - *Tæknifræðinám Háskóla Íslands.*

# Rekstur Keilis

| Ár | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 650,5 | 721,1 | 770,9 | 897,6 | 946,6 |
| Rekstrargjöld | -578,8 | -648,7 | -748,4 | -820,4 | -894,7 |
| Mismunur | 71,7 | 72,4 | 22,5 | 77,2 | 51,9 |
| Afskriftir – söluhagn./tap | -45,9 | -52,1 | -38,5 | -52,8 | -68,3 |
| Fjármunatekjur og gjöld | -46,1 | -10,2 | -22,3 | -22 | 38,7 |
| Hagnaður/tap | -20,3 | 10,1 | -38,3 | 2,4 | 22,3 |

- Afborgun lána fyrir 2017 eru 38.7 milljónir króna.
- Afborgun lána vegna 2018 eru 328 milljónir. Stærsti hluti þessara afborgana er við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.
- Ríkisendurskoðun hefur lagst gegn niðurfellingu á þessum lánum.

# Símenntun




- MSS brást við erfiðu atvinnuástandi eftir efnahagshrunið 2008 með með því að veita atvinnuleitendum tækifæri til að sækja sér menntun.
- Árið 2016 voru 282 nemendur í námi fyrir innflytjendur.
- Rekstur MSS hefur verið í járnum og hafa sérstakar fjárveitingar leyst þann vanda.
- Nauðsynlegt er að tryggja varanlega aukningu á fjárveitingum.
- MSS þarf 9 m.kr. í aukin framlög frá ríkinu til að endar nái saman í háskólafjarnámi.

# HEILBRIGÐISMÁL

# Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

- Vantar að lágmarki 100 milljónir til að mæta fyrirliggjandi þjónustuþörf.
- Aukið álag vegna fjölgunar ferðamanna, verktaka á flugvellinum og fjölgun íbúa.
- Þarf að fjölga starfsmönnum í heilsugæslu og þá sérstaklega móttöku lækna og hjúkrunarfræðinga.
- Á slysa- og bráðadeild þarf að setja á sólahringsvaktir hjúkrunarfræðinga til að styrkja og efla þá þjónustu.
- Hjúkrunarrými eru færri á hvern íbúa á Suðurnesjum en í öðrum heilbrigðisumdæmum.

# Lægst framlög á hvern íbúa á Suðurnesjum



# Heildarframlög í fjárlagafrumvarpi 2018



# Næst lægst framlög til sjúkrahúsþjónustu



# Minnst til heilsugæslu á Suðurnesjum



# Fæst hjúkrunarrými eru á Suðurnesjum



# ATVINNUÞRÓUN

# Ríkisstyrkir til Bakka og Helguvíkur




- Ríkisstyrkir til iðnaðarsvæðisins á Bakka nema 1.032 m.kr. meira en til Helguvíkur.
- 1.098 m.kr. meira fer til vegaframkvæmda á Bakka.
- 559 m.kr. fara til lóðaframkvæmda á Bakka en ekkert í Helguvík.
- Ríkisstyrkur til hafnarframkvæmda í Helguvík er 625 m.kr. meiri en á Bakka.
- Þjálfunarstyrkir nema sömu upphæð fyrir bæði svæði.

# Milljarði meira í ríkisstuðning á Bakka



# Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco)




Heimild: Ársskýrsla Kadco 2016

- Kadeco var stofnað árið 2006 til að koma eignum sem ríkið tók við af Bandaríkjaher í borgaraleg not með sem mestum jákvæðum áhrifum á nærsamfélagið.
- Þegar Kadeco tók við eignunum voru þær metnar á 4 til 5 ma.kr. og var einkum horft til þess að sala þeirra stæði undir kostnaði.
- Búið að selja um 95% eigna og metið að heildarsöluandvirði verði um 18 ma.kr.
- Hreinar tekjur ríkissjóðs af sölu eignanna verða um 10 ma.kr. sem er langt um fram upphaflegar væntingar.
- Tekjur af sölu eignanna hafa runnið beint til ríkissjóðs en ekki til verkefna á svæðinu.

# LÖGGÆSLA

# Lögreglan á Suðurnesjum

- Um 107 ársverk árið 2015.
- Hegningalagabrotum hefur fækkað í umdæminu.
- Vantar í störf vegna aukinna umsvifa á svæðinu.
- Umferðarlöggæsla 8–10 lögreglumenn.
- Landmæravarsla 20 lögreglumenn.
- Lögfræðideild 2 lögmenn.
- Skrifstofuhald 1–2 starfsmenn.
- Fjöldi árssverka á Keflavíkurflugvelli hefur ekki aukist í samræmi við fjölgun farþega á flugvellinum.

# Ársverk fylgja ekki eftir farþegaþróun



# SAMANTEKT

# Samantekt

- Sveitarfélagið er að gera sitt til að mæta þessum áskorunum en það er ekki nóg.
- Samhliða vexti vantar fjármagn frá ríkinu til að mæta nýjum verkefnum (HSS, Lögreglan, FSS)
- Fjármagn þarf í Reykjanesbrautina vegna aukinnar umferðar.
- Ríkið hefur einnig tækifæri til að styðja við svæðið með því að nýta stofnanir eins og Keili og MSS. Þörf er á að bæta þjónustu við fólk sem flyst inn í samfélagið erlendis frá.
- Framlög ríkisins til verkefna á Suðurnesjum eru almennt lægri en til sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum. Mikilvægt er fá skýringar og leiðréttingu á þessu af hálfu ríkisins.